

**Niðurstöður Lesmáls
í 2. bekk
í Háteigsskóla
vorið 2021**

Höfundar skýrslu:
Ásgeir Björgvinsson
Guðrún Edda Bentsdóttir

Október 2021
Skóla - og frístundasvið Reykjavíkur

ÞÁTTTAKA


Lesmál var lagt fyrir í apríl 2021 og sendu 29 skólar umbeðnar niðurstöður, þar af tveir sjálfstætt starfandi skólar. Samtals tóku 1.200 nemendur þátt í prófinu sem jafngildir rúmum 78% af nemendum í 2. bekk í öllum almennum og sjálfstætt reknum grunnskólum Reykjavíkur vorið 2021.

Í Háteigsskóla svaraði 31 nemandi Lesmáli af 35 miðað við nemendafjöldatölur 1. apríl 2021.


NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður fyrir alla skóla í Reykjavík eru þær að 894 nemendur af 1.200, eða tæp 75% nemenda, ná a.m.k. 61% árangri á Lesmálsprófinu. Þessir nemendur teljast hafa aldurssvarandi hæfni í lestri. Nemendur sem ekki ná 61% árangri á prófinu eru 306 eða rúm 25%. Í Háteigsskóla hafa 28 nemendur af 31, eða 90%, aldurssvarandi hæfni í lestri. Samkvæmt prófinu hafa um 78% stúlkna og 72% drengja í Reykjavík aldurssvarandi hæfni í lestri. Í Háteigsskóla hafa 94% stúlkna og 87% drengja aldurssvarandi hæfni í lestri.

Á mynd A má sjá árangur í Lesmáli í Háteigsskóla og Reykjavík árið 2021 eftir því hvort nemendur hafa aldurssvarandi hæfni í lestri, þurfi á tímabundnum sérstökum stuðningi að halda í lestri eða þurfi einstaklingsáætlun þar sem fram kemur skipulagt vinnulag byggt á gagnreyndum aðferðum sem fylgt er eftir þar til nemandinn hefur sýnt árangur.



Á mynd B má sjá nánari greiningu á þeim árangri sem nemendur í Háteigsskóla ná árið 2021 þar sem tölurnar hægra megin við súlurnar segja til um hlutfall nemenda með tiltekinn árangur.



Tafla 1 sýnir meðalárangur í prósentum í einstökum prófpáttum Lesmáls í Háteigsskóla og Reykjavík árið 2021.

Tafla 1. Hlutfall nemenda í Háteigsskóla og Reykjavík eftir árangri í hverjum prófpátti.

		Umskráning	Lesskilningur	Hraðlestur	Réttritun
Háteigsskóli	Ekki veikleiki	97%	87%	100%	90%
	Hugsanlegur veikleiki	3%	0%	0%	6%
Reykjavík	Ekki veikleiki	86%	73%	79%	77%
	Hugsanlegur veikleiki	14%	10%	14%	14%